

Prófið

Hann laumaði augunum af prófinu og á klukkuna fyrir ofan hurðina. Vísarnir mættust efst á henni. Það gat ekki verið, hugsaði hann. Allur þessi tími fyrir það litla sem hann hafði gert. Hann tók prófið af borðinu og fletti í gegnum blaðsíðurnar. „Þetta er rétt, og þetta... en ég er ekki svo viss um þetta” muldraði hann með sjálfum sér. Ef allt er rétt þá er þetta öruggur þristur, reyndi hann að sannfæra sjálfan sig um. „Það dregur mig alveg yfir fall”.

„Hver sagði „Fögur er hlíðin”?” stóð á prófinu. „Fokking shit!” muldraði hann og reyndi að halda ró sinni. Þó að hann hafi sagt þetta mjög lágt starði kennarinn á hann með móðgunarsvip í andliti. Hann var búinn að lesa þetta. Hann átti að vita þetta. Eða kannski las hann ekki bókina, bara glósumnar. Eða kannski ekki allar glósumnar, allavega meirihlutann af þeim. Þetta er örugglega Njáll hugsaði hann. Njáll var alltaf að segja eitthvað svona ljóðlegt. Mikið af svörunum hans voru Njáll, hin voru Gunnar. Eða allavega þegar það var spurt um fólk. „Afhverju eru ekki fleiri krossaspurningar?” vældi hann.

Hann svaraði nokkrum spurningum í viðbót. Fékk svona þægilega tengingar spurningu og gat notað útilokunaraðferðina þar. Hvað ætli ég sé með í einkunn núna pældi hann og leyfði athyglinni að hverfa af prófinu. Innan og einkunnirnar birtust huga hans. Allt í góðu. Ég er núna kominn með fjóra í lokaeinkunn, hugsaði hann og skrifaði fjóra niður á prófið. Þetta gildir 40%. Honum fannst það vera of mikið. Ég hef verið góður nemandi, laug hann að sjálfum sér. Ég mætti alveg. Það er ekkert eins og ég hafi ekki lesið heima. Menntakerfi nútímans er bara gallað, notaði hann sem afsökun. Ef ég get ekki sinnt náminu þá er það ekki bara því ég er ekki lélegur nemi. Nei, það er ráðuneytinu að kenna. Æi, þetta er allt svo mikil pólitík. Hann leit yfir á Tóta vin sinn sem sat á hans hægri hönd. Tóti leit á hann. Tóti var með baugu undir augunum. Tóti reisti vinstri hlið munnsins í vandræðalegt bros og áður en það hvarf sökkti hann hausnum aftur í prófið.

„Allt í góðu” sagði hann þegar hann reif peysuna upp að olnbogum. Þá þarf ég bara að fá einn heilan og ég er góður. En hvað þarf ég að fá á þessu prófi til að ná einum heilum í lokaeinkunn? Ef það er tíu þá fæ ég fjóra. Svo ef ég fæ fimm þá er það tveir. Og tveir fimm einn. Hann breytti upp ermarnar. Þetta er þá komið sagði hann. Líkt og þetta var eins og öll pressan hafi horfið. Restin af blaðsíðunum var líkt og þeim hafi verið þeytt, hann fór svo hratt í gegnum þær. “Lýstu kringumstæðum við dauða Njáls”. Hverjum er ekki drull! langaði hann að skrifa. Hinsvegar var það full augljóst að Njáll myndi brenna svo hann skrifaði það.

Hann ýtti sér frá borðinu og stökk nánast úr stólnum. Kennarinn starði á hann pirraður. Það nánast hlakkaði í honum. Hann þurfti að hemja sig við að öskra ekki „Ég er frjáls!“. Það fór fiðringur um hann allan. Bæ, bæ Njáll og vinir. Bæ, íslenska. Sjáumst aldrei! Hann kippti upp hurðinni, gaf Tóta blick og lokaði hurðinni af aðeins meiri krafti en hann ætlaði sér.

Fegurðin var svo sannarlega sýnileg í náttúrunni þegar hann labbaði heim. Grænu laufblöðin þöktu tréin himinhá. Himininn var blár og hvergi var ský á himni að sjá. Fuglarnir sungu á flugi sínu. Öll pressan sem hafði hvílt á honum yfir önnina var horfin. Það var líkt og Páll Rósinkranz væri að syngja „Hallelúja“ fyrir hann.

Þegar hann kom heim fékk hann símtal frá Tóta. „Hey gaur, hvernig gekk?“ Það var erfitt að lesa tóninn í rödd Tóta í gegnum símann. „Gekk ekki vel en ég náði samt áfanganum held ég.“

„Hvað heldurðu að þú fáir“ spurði Tóti.

„Alveg öruggur fjarki.“ svaraði hann með stolti.

„Bíddu, það er ekki nóg“ sagði Tóti, það var efi í rödd hans.

„Jú víst, ég var með þrjá í einkunn nú þegar.“

„En þú þurftir að ná lokaprófinu líka“. Sagði Tóti svekktur.

„HA!?“

„Maður þurfti bæði yfir fimm í lokaeinkunn og á lokaprófinu“.

„Næs!“ sagði hann, skellti á Tóta og dúndraði símanum í vegginn.